

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

SAMKOMULAG UM BREYTINGU

Á VEÐHAFASAMKOMULAGI

Í TENGLUM VIÐ 30.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMA
ALMENNA LEIGUFÉLAGSINS EHF.

JANÚAR 2018

Hei HSE

1. AÐILAR

Aðilar samkomulags þessa eru:

- A. Almenna leigufélagið ehf., kt. 611013-0350, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík („**útgefandi**“ og eftir því sem við á „**veðsali**“);
- B. Almenna BK ehf., kt. 500604-2120, Almenna C slhf., kt. 670812-0810, Almenna E slhf., kt. 610613-1520, Almenna K ehf. kt. 550213-0870, Almenna RED hf. kt. 670513-0330, Almenna S21 ehf., kt. 611013-0190, Almenna S23 ehf., kt. 630913-0630, og Almenna SKB ehf., kt. 431013-0960, öll til heimilis að Garðastræti 37, 101 Reykjavík, („**veðsalar**“ eða hver í sínu lagi „**veðsali**“ eftir því sem við á);
- C. Íslög ehf., kt. 690312-1150, Túngötu 6, 101 Reykjavík („**veðgæsluaðili**“); og
- D. Eigendur veðtryggðra krafna, sem falla undir almenna tryggingafyrirkomulagið, samkvæmt aðildaryfirlýsingu, sem þeir hafa undirritað eða umboðsmenn fyrir þeirra hönd, („**veðhafar**“).

2. INNGANGUR

- 2.1. Hinn 6. desember 2017 gerðu aðilar með sér veðhafasamkomulag í tengslum við 30.000.000.000 kr. (þrjátíu milljarðar króna) útgáfuramma útgefanda (hér eftir „**veðhafasamkomulagið**“), sbr. grunnlýsingu, dags. 13. desember 2017, sem staðfest hefur verið af Fjármálaeftirlitinu.
- 2.2. Þetta samkomulag um breytingar á veðhafasamkomulaginu er gert í þeim tilgangi að skýra nánar nokkur atriði er varða ákvarðanatöku á veðhafafundum í greinum 14, 16, 17 og 21 og á vettvangi samninganefndar skv. grein 17.

3. SKILGREININGAR

- 3.1. Þau hugtök sem koma fyrir í þessu samkomulagi skulu hafa sömu merkingu og í veðhafasamkomulaginu, nema annað sé beinlínis tekið fram.

4. BREYTINGAR Á VEÐHAFSAMKOMULAGINU

- 4.1. Grein 13.4 í veðhafasamkomulaginu skal til samræmis við grein 15.1 hljóða svo:
„Til að veðhafafundur sé ályktunarbær þarf fundurinn að hafa verið boðaður með réttum hætti, sbr. grein 12, og umboðsmenn kröfuhafa sem fara með að minnsta kosti 50% atkvæðisréttar, sbr. viðmið greinar 15.1, séu mættir á fundinn.“
- 4.2. Grein 14.1.2 í veðhafasamkomulaginu skal hljóða svo:
„hvort hefja skuli samningaviðræður við útgefanda í kjölfar vanefndatilviks og skipa samninganefnd til samningaviðræðna og hvort samþykkja skuli tillögur sem lagðar eru fyrir veðhafafund í framhaldi samningaviðræðna, sbr. grein 17;“
- 4.3. Við veðhafasamkomulagið bætist ný grein 16.3 og verður núgildandi grein 16.3 að grein 16.4. Hin nýja grein 16.3 skal hljóða svo:

„Ákvarðanir um breytingar á grein 16.2 þarfnast samþykkis allra atkvæða sem farið er með á veðhafafundi. Sama gildir um ákvarðanir á veðhafafundi, sem raska jafnræði milli veðhafa og áskilja tilteknum veðhöfum betri rétt en öðrum samkvæmt almenna tryggingafyrirkomulaginu, hvort sem er með breytingum á veðhafasamkomulaginu, tryggingabréfi eða öðrum hætti.“

- 4.4. Við grein 17.3 í veðhafsamkomulaginu á eftir 1. málslíð bætist nýr málslíður svohljóðandi:

„Tillögur samkvæmt þessari grein verða ekki lagðar fyrir veðhafafund nema allir nefndarmenn auk útgefanda séu því samþykkir.“

- 4.5. Við grein 17.5 bætist á eftir orðinu „veðum“ í fyrstu línu greinarinnar svohljóðandi texti:

„á veðhafafundi, sbr. grein 14.1.1, eða ef ákvörðun hefur verið tekin um að hefja samningaviðræður, sbr. grein 14.1.2,“

og eftirfarandi orð úr fyrstu línu greinarinnar falla brott:

„að því leyti sem við á ef“.

- 4.6. Við grein 21.1 bætist á eftir orðinu „veðhöfum“ svohljóðandi texti:

„á veðhafafundi, sbr. greinar 14, 15 og 16 í samkomulagi þessu.“

5. **ANNAÐ**

- 5.1. Að öðru leyti en að framan greinir skal veðhafasamkomulagið halda fullu gildi sínu.
- 5.2. Samkomulag þetta er gert í fjórum eintökum, einu fyrir útgefanda og veðsala saman, einu fyrir veðgæsluaðila og einu fyrir veðhafa.
- 5.3. Aðild að veðhafasamkomulaginu með aðildaryfirlýsingu veðhafa, sbr. viðauka IV, V, eða VI við veðhafasamkomulagið, felur í sér aðild að samkomulagi þessu.

[Undirskriftir á næstu síðu]

Reykjavík, 9. janúar 2018

F.h. Almenna leigufélagsins ehf.,

sem útgefanda og veðsala:

Mariá Þinarsdóttir

F.h. Almenna BK ehf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna S23 ehf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna C slhf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna S21 ehf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna E slhf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna SKB ehf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna K ehf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

F.h. Almenna RED hf., sem veðsala

Mariá Þinarsd.

Fyrir hönd Íslög ehf. sem veðgæsluaðila

Árni Axelsson

F.h. Global Macro Absolute Return Advantage Portfolio, sem veðhafa

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

Hölmfríður Arnarsson

090491 - 2889

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala